



**SOS
BARNAPORPIN**

1. tölublað 26. árgangur 2020

Öll börn vilja gott heimili

Covid-19 hefur áhrif á börnin
„Ég sakna þess að
faðma mömmu“

◆
Fann skjól í
fjölskylduefningu SOS
fyrir ofbeldinu

◆
Hryðjuverkahópar
ásælast atvinnulaus
ungmenni



Inga Lind hitti SOS-börnin
sín í fyrsta sinn

Börnin, veiran og við


Við erum í stríði. Allur heimurinn er í stríði við Covid-19 veiruna. Áhrif veirunnar eru skelfileg fyrir marga þá sem hana fá og þeirra nánustu. Þar með er þó ekki öll sagan sögð því óbein áhrif veirunnar eru ekki síður skelfileg; fyrirtæki fara á hausinn, fólk missir tekjur sínar, framfærslu og sparnað, börn fá ekki næga næringu, kvíði og þunglyndi sækja að, heimilisofbeldi eykst og svo mætti lengi telja.

Við erum í stríði. Það góða er að við stöndum saman í þessu stríði. Við höfum fundið svo áþreifanlega fyrir því undanfarnar vikur að styrktaraðilar SOS Barnaþorpanna standa með samtökunum í því að lina þjáningar barnanna í þessum raunum. Þið hafið svarað kallinu og lagt til mikla fjármuni sem nýtast við að lina þjáningar. Fyrir vikið fá börnin meiri stuðning, sálfræðiaðstoð og námsaðstoð nú þegar flestir skólar eru lokaðir. Þau þurfa ekki að hafa áhyggjur af matvælskortum. Nágrannar barnaþorpanna sem banka upp á fá hjálp og skjólstæðingar Fjölskylduefningar SOS fá aukinn stuðning, t.d. matvælaaðstoð, fjárhagsaðstoð og ráðgjöf. Þá tökum við og yfirvöld víða í heiminum höndum saman við að mæta grunnþörfum fólks í neyð.

Við erum í stríði. Við ætlum okkur og munum vinna stríðið. Ekki verður komist hjá alvarlegum afleiðingum en við munum sigra og við munum byggja upp úr rústunum. Þetta segjum við börnunum með mikilli fullvissu vegna þess að við vitum og finnum áþreifanlega fyrir því að þið, styrktaraðilar og vinir SOS, standið með okkur og þeim – börnunum sem treysta á okkur.

Við munum ekki bregðast þeim.

Hjartans þakkir fyrir ykkar stuðning.



Ragnar Schram



”

Ekki verður komist hjá alvarlegum afleiðingum en við munum sigra og við munum byggja upp úr rústunum.“

Umfang starfseminnar

SOS Barnaþorpin eru stærstu óháðu hjálparsamtök í heimi sem leggja höfuðáherslu á að hjálpa foreldralausum börnum og fjölskyldum sem eru í hættu á að leysast upp. Tölur yfir fjölda barnaþorpa og barna í þeim hefur lækkað undanfarnar tvö ár. Það kemur til vegna fjölbreyttari úrræða við umönnun barnanna. Aðstoð samtakanna náði til 1,233,600 einstaklinga í 136 löndum árið 2019 sem er 13,6% aukning frá árinu áður.



541 barnaþorp
58.700 skjólstæðingar



253 önnur umönnunarúrræði
7.100 skjólstæðingar



680 fjölskylduefningarverkefni
395.000 skjólstæðingar



Útgefandi

SOS Barnaþorpin á Íslandi

Ritstjóri

Hans Steinar Bjarnason

Ábyrgðarmaður

Ragnar Schram

Prófarkarlestur

Ragnar Ingi Aðalsteinsson

Forsíðumynd

Lars Just

Umbrot

Halldór Elías Guðmundsson

Prentun

Oddi

Upplag:

18.000

Fréttablað SOS

Barnaþorpinna kemur út þrisvar á ári. Það er sent til styrktaraðila og er jafnframt liður í fjáröflun.

SOS BARNAPORPIN

Hamraborg 1
200 Kópavogi
Sími 5642910
sos@sos.is
www.sos.is

Fylgstu með okkur á samfélagsmiðlum

 sos.barnathorpin

 sosbarnathorpin

 SOS Barnaþorpin



EFNISYFIRLIT

- 4-5 Pálína og styrktardóttir hennar á Indlandi
- 6 Áhrif Covid-19 á SOS rétt að byrja
- 7 Covid-19 sögur barnanna
- 8-9 Inga Lind heimsótti styrktarbörn sín til Indlands
- 10-11 Laus frá ofbeldinu - Fjölskylduefningin í Eþíópíu
- 12 Pistill velgjörðasendiherra - Rúrik Gíslason
- 13 Flóttabangsinn - táknmynd barns á flóttu
- 14 Atvinnuhjálpi unga fólksins í Sómalíu
- 15 Öskudagur á Íslandi



278 leikskólar
37.800 skjólstaðingar



375 menntastofnanir
229.700 skjólstaðingar



Starfsfólk
í 136 löndum
Fjöldi starfsfólks 37.970

Hjá SOS Barnaþorpinum starfar fjölbreyttur hópur fólks með sérhæfingu á mörgum sviðum. SOS-foreldrar og aðstoðarfólk þeirra við umönnun barnanna, kennarar, sálfræðingar, starfsfólk við heilbrigðisþjónustu, neyðaraðstoð, stjórnun og almenna þjónustu landssamtaka SOS og alþjóðlega samhæfingarstjórnun.



75 heilsugæslustöðvar
677.960 skjólstaðingar



31 verkefni í
neyðaraðstoð
209.800 skjólstaðingar

„Upplifum Suman sem eina af okkur“

Pálína Sigurðardóttir í Reykjavík hefur verið SOS-foreldri tveggja barna í barnaþorpinu Greenfields á Indlandi í 20 ár. Frá árinu 2013 hefur hún styrkt stúlku sem er 14 ára í dag og heitir Suman.



Myndir: Einar Arnason og Hans Steinar Bjarnason.

Dætur mínar líta eiginlega á Suman sem systur „sína þó þær hafi aldrei hitt hana. Við bara upplifum hana sem eina af okkur,“ segir Pálína sem vinnur á ungarnaleikskóla og á tvær dætur með eiginmanni sínum, 11 og 13 ára. Suman var 5 ára þegar hún kom í barnaþorpið. „Ég kom í barnaþorpið af því að foreldrar mínir gátu ekki séð um mig eða sent mig í skóla,“ segir Suman í viðtali við Hans Steinar Bjarnason, upplýsingafulltrúa SOS.

Hans átti leið til Indlands í janúar sl. og hitti þar Suman og færði henni gjöf frá Pálínu. Þær skiptust svo á kveðjum í gegnum viðtöl fyrir fréttablað og heimasíðu SOS á Íslandi.

Heillar Pálínu upp úr skónum

Pálína fær bréf tvisvar á ári frá barnaþorpinu með fréttum og myndum af Suman og fær þannig að fylgjast með uppvexti hennar. „Ég sé Suman fyrir mér sem mjög lífsglaða stelpu. Hún er listræn, hefur gaman að því að mála, syngja og dansa. Ég hlakka alltaf til að fá að vita hvernig henni gengur. Hún heillar mig alveg upp úr skónum,“ segir Pálína.

„Ég kom í barnaþorpið af því að foreldrar mínir gátu ekki séð um mig eða sent mig í skóla,“ segir Suman.

Á 9 SOS-systkini

Greenfields er fjölmennasta SOS barnaþorpið á Indlandi af þeim 32 sem þar eru. Þarna búa yfir 190 börn í 20 SOS-fjölskyldum. „Ég á 9 systkini hérna, þetta eru sjö bræður og tvær systur. Ég er mjög hamingjusöm í svona stórrí fjölskyldu vegna þess að við gerum margt skemmtilegt saman og deilum reynslu okkar,“ segir Suman.



Hans ásamt Suman og hluta af SOS-fjölskyldu hennar.



Veit að einu barni líður betur

Pálína segir að hún hafi byrjað að styrkja barn hjá SOS árið 2000 vegna þess að hún gat það, vildi láta gott af sér leiða og hafði engan að hugsa um nema sjálfa sig á þeim tíma. „Það mikilvægasta við að styrkja Suman er að þá veit ég alla vega að einu barni líður betur. Það eru allt of mörg börn sem eiga ekki þak yfir höfuðið. Að hún hafi heimili, menntun, aðgengi að heilbrigðisþjónustu og allt þetta sem við höfum. Mér finnst að allir sem eru aflögufærir ættu að gera þetta.“

„Dætur mínar líta eiginlega á Suman sem systur sína þó þær hafi aldrei hitt hana. Við bara upplifum hana sem eina af okkur,“ segir Pálína.

Vill verða kennari

Suman hefur verið í barnaþorpinu í Greenfields í nærri 9 ár en hefur nú fært sig um set yfir á ungmennaheimili á vegum þorpsins eins og venjan er á hennar aldri. Á ungmennaheimilunum eru kynin aðskilin og ungmennin hefja hinn eiginlega undirbúning fyrir fullorðinsárin. Þau læra að hugsa um sig sjálf.

„Hjá SOS Barnaþorpunum fékk ég móður, fjölskyldu, bræður, systur, menntun, heimili og allt það sem ég þarfnast í lífinu. Hér líður mér vel og ég er hamingjusöm,“

segir Suman sem vill verða kennari þegar hún verður fullorðin. „Mig langar að kenna raungreinar.“

Styrkurinn jafngildir rauðvínsflösku

„Ég hef nú verið styrktarforeldri í 20 ár, þetta eru ein, tvær bíóferðir eitthvað svoleiðis, ein góð rauðvínsflaska á mánuði. Það hefur gefið mér mjög mikið að geta fylgst með tveimur börnum vaxa úr grasi í góðum höndum,“ segir Pálína.

Sendi íslenskt nammi

Á heimasíðunni sos.is má sjá myndband um heimsóknina til Greenfields. Í því eru viðtöl við bæði Pálínu og Suman sem aðspurð vissi reyndar ekki mikið um Ísland en átti ekki í neinum vandræðum með að bera fram nafn Pálínu. Pálína notaði tækifærið og sendi Suman pakka. „Ég sendi henni lítinn bakpoka með mynd af Íslandi á. Í pokanum voru svo teikniblokk og litir svo hún geti nú fengið útrás fyrir listræna hæfileika og íslenskt nammi að sjálfsögðu,“ segir Pálína

Yfir 9 þúsund styrktarforeldrar á Íslandi

Íslendingar eru SOS-foreldrar yfir 9 þúsund barna í 433 barnaþorpum í 107 löndum. Flestir Íslendingar styrkja börn í SOS barnaþorpum á Indlandi, eða 779 Íslendingar. Þessi börn voru áður umkomulaus en eiga nú heimili og fjölskyldu og fá menntun.



„Sá tímunktur kemur að dauðsföll af völdum veirunnar verða minnsta áhyggjuefnið.“

Börn munu standa eftir ein og yfirgefin

Eftir miklar hörmungar hér í Evrópu fer Covid-19 smitum loksins fækkandi og með hækkandi vorsól er aðeins farið að birta til innra með okkur. En hættunar leynast enn í þessum breytta heimi og því miður eru yfirvofandi enn meiri hörmungar. Veiran bíður í laumi eftir að gera meiri usla í vanþróuðum löndum þar sem varnir eru veikar. Þá einkum í Afríku og þar eru SOS Barnaþorpin með starfsemi í 47 af 54 löndum álfunnar.

Afríka fer verst út úr þessum faraldri

„Afríka fer verst út úr þessum faraldri,“ segir Senait Bayessa, svæðisstýra SOS Barnaþorpanna fyrir austur og suður Afríku. „Heilbrigðiskerfi margra afrískra landa eru nú þegar sprungin af völdum annarra sjúkdóma og eru ekki í stakk búin að taka á faraldri af þessari stærðargráðu.“

Búist er við að spítalar muni fyllast og óttast er að brothættur efnahagur Afríku geti lamast. Dr. Deqa Dimbil, læknir á SOS spítala í Sómalíu, hefur miklar áhyggjur af því. „Hér verður hungursneyð og við munum ekki geta séð fyrir okkur. Sá tímunktur kemur að dauðsföll af völdum veirunnar verða minnsta áhyggjuefnið.“

Helmingur barna býr hjá ömmu og afa

Faraldurinn mun koma sérstaklega illa niður á börnum í Afríku. Vegna HIV/AIDS eru mörg börn foreldralaus og rannsóknir sýna að helmingur allra barna undir 12 ára aldri í Afríku býr hjá ömmu sinni og afa. Þar sem eldra fólk er í áhættuhópi er viðbúið að fjöldi barna sem hafði

áður misst foreldra sína, muni nú líka missa ömmu sína og afa. „Við þurfum að búa okkur undir þá staðreynd að börn munu standa eftir ein og yfirgefin,“ segir Dimbil læknir.

neyd.sos.is

Um leið og ljóst var í hvað stefndi hófu SOS Barnaþorpin um heim allan vinnu við að vera sem best undirbúin fyrir það sem koma skal og er öryggi barnanna í fyrirrúmi.

„viðbúið [er] að fjöldi barna sem hafði áður misst foreldra sína, muni nú líka missa ömmu sína og afa.“

Kostnaður samtakanna eykst hratt á sama tíma og framlögum fækkar því faraldurinn hefur jú áhrif á okkur öll. Það er því afar ánægjulegt að segja frá því að styrktaraðilar SOS á Íslandi hafa brugðist vel við ákalli í neyðarsöfnun SOS sem stendur nú yfir á vefsíðunni neyd.sos.is. Þegar þetta blað fór í prentun undir lok apríl hafði á fimmtu milljón króna safnast til viðbótar við 15 milljóna króna úthlutun úr neyðarsjóði SOS á Íslandi. Innilegar þakkir fyrir það, kæru styrktaraðilar.

Við erum til staðar fyrir þig

Sérta í erfiðleikum með mánaðarlegar styrktargreiðslur þínar viljum við gjarnan heyra frá þér og koma til móts við þig á þessum erfiðu tímum. Til eru lausnir án þess að þær bitni um of á börnunum. Við erum til staðar til að aðstoða þig við það.



Börnin í SOS barnaþorpunum hugsa eins og fullorðna fólkið um fátt annað en kórónuveiruna þessa dagana. Það er áhugavert að rýna inn í hugarheim barnanna.

Hrædd um að smitast

Ana, 13 ára stúlka í fjölskylduefningu í Perú

Ég hef ekki farið í skólann í þrjár vikur. Ég læri heima. Það er erfiðast að gera stærðfræðina því ég er ekki góð í henni og enginn getur hjálpað mér.

Mamma er nefnilega heldur ekki góð í stærðfræði. Við mamma erum hræddar um að smitast því það er smitaður ferðamaður í bænum. Mamma er sú eina sem fær að fara af heimilinu. Hún gengur í tvo tíma í miðbæinn einu sinni í viku til að ná í mat og þegar hún kemur heim þvær hún sér alltaf um hendurnar. Ég sakna mest vina minna en það góða við ástandið er að við fjölskyldan getum verið meira saman.



Ég sakna skólans og vina minna

Chaltu, 8 ára drengur í SOS barnaþorpinu í Jimma í Eþíópíu.

Ég er alltaf að heyra hvað kórónuveiran er hættulegur sjúkdómur en mamma segir mér að það sé hægt að forðast hana með ákveðnum ráðum. Þess vegna hlusta ég vel á það sem mér er sagt. Ég held mig heima og geri lærdóminn. Mamma passar upp á að ég þvoi mér vel um hendurnar og gæti hreinlætis. Ég sakna skólans og vina minna. Ég vona að við getum farið fljótt aftur í skólann.



Notaði tækifærið og lærði að hjóla

Ayanto, 16 ára stelpa í SOS barnaþorpinu í Jimma í Eþíópíu

Ég hef ekki farið í skólann í þrjár vikur. Ég hef nýtt tímann til að læra að hjóla

sem mig langaði alltaf að gera. Ég vildi að þessi veira hefði aldrei komið en við reynum að nýta tímann sem best meðan við erum föst heima. Ég tek þátt í ýmsu hér heima eins og að hjálpa mömmu með húsverkin. Það eru spjöld uppi á veggjum út um allt barnaþorp með leiðbeiningum um hvernig á að forðast smit og ég fer eftir þeim eins og ég get.



Ég sakna þess að faðma mömmu

Joyce, 13 ára stúlka í SOS barnaþorpinu í Mombasa í Kenía.

Ég hlakkaði svo til að klára áttunda bekk og byrja í miðskóla en nú er mikil óvissa með það. Fyrir utan námið sakna ég vina minna og bekkjarfélaga. Ég vildi óska þess að yfirvöld finni varanlega lausn á þessum faraldri svo ég geti farið að mæta aftur í skólann. Það er leiðinlegt að vera alltaf föst heima. Vegna fjarlægðarmarkna get ég ekki umgengist fjölskylduna mína eins og ég vildi. Ég sakna þess að faðma mömmu og leika mér við bræður mína og systur.


Inga Lind hitti SOS-börnin sín í fyrsta sinn „Erfiðast að sjá hana gráta þegar ég fór.“

Þegar Inga Lind Karlsdóttir var 18 ára gerðist hún SOS-styrktarforeldri 5 ára stúlku í barnþorpinu í Greenfields á Indlandi. Litla stúlkan, Sonia, hafði misst móður sína og faðir hennar gat ekki hugsað um hana vegna þess að hann var blindur.

Inga Lind fylgdist með uppvexti hennar næstu 14 árin í gegnum bréf og myndir sem styrktarforeldrar fá send tvisvar á ári. Sonia flutti svo úr barnþorpinu 19 ára og fór að standa á eigin fótum. Í dag er hún þrítug og á 9 ára gamla dóttur, en eiginmaður hennar lést fyrir þremur árum. Sonia býr hjá blóðskyldri systur sinni og fjölskyldu hennar í Delí og vinnur í tiskuverslun.

Allt í einu komin í fangið á mér

Inga Lind lét loksins verða af því í janúar sl. að heimsækja styrktarbörnin sín, fyrrverandi og núverandi, til Indlands. Sonia kemur reglulega í barnþorpið til að heimsækja SOS móður sína og gerði sér sérstaka ferð þangað til að hitta SOS-foreldri sitt, Ingu Lind, sem var komin alla leið frá Íslandi.



„Það var dásamlegt að hitta Soniu. Hún var bara allt í einu komin í fangið á mér þegar ég gekk að húsinu sem hún bjó í. Hún er svo hlý og góð og svo tók hún í hönd mína, leiddi mig um húsið og sýndi mér gamla herbergjið sitt.“

Minningarnar lifnuðu við

Inga Lind tók með sér myndir og bréf sem Sonia skrifaði henni þegar hún var barn og skoðaði þau með henni.

„Mér fannst eiginlega erfiðast að sjá hana gráta þegar ég fór. Maður fær svona hlýju í hjartað þegar maður finnur að maður skipti máli.“

„Sonia sagði að það hefðu kviknað margar minningar þegar hún sá bréfin og þá mundi hún allt í einu eftir öllu.“ Inga Lind segir að það sé gott að sjá hvað Sonia hefur það gott í dag. „Henni líður bara vel og það er greinilegt að hún hefur búið við gott atlæti hérna og fengið góðan grunn.“

Erfiðast að sjá hana gráta þegar ég fór

Inga Lind og Sonia náðu strax miklum tilfinningalegum tengslum í heimsókninni. „Já alveg, það voru vissulega tengsl fyrir. Við vorum aðeins í sambandi þau ár sem

Inga og Sonia skoðuðu saman bréf og myndir sem Inga fékk send af Soniu fyrir mörgum árum.

hún bjó herna. Hún var líka svo hlý og opin. Mér fannst eiginlega erfiðast að sjá hana gráta þegar ég fór. Maður fær svona hlýju í hjartað þegar maður finnur að maður skipti máli. Við ætlum að halda áfram að vera í sambandi.“

Styrkti annað barn á eftir Soniu

Inga Lind hefur styrkt tvö börn í barnaþorpinu í Greenfields samfelld frá árinu 1994. Þegar Sonia flutti að heiman og fór að standa á eigin fótum árið 2008 tók Inga Lind að sér að styrkja fimm ára dreng í þorpinu. Hún hefur einnig fylgst með uppvexti hans nú í 12 ár. Hann heitir Pushkar og er orðinn 17 ára og það voru líka fagnaðarfundir þegar þau loks hittust í þessari sömu heimsókn.

„Ég hef alltaf borið þetta traust til SOS Barnaþorpanna einmitt út af fólki sem hefur heimsótt þorpin og fengið tækifæri til að hitta styrktarbörnin sín.“

„Það var æðislegt að hitta Pushkar. Hann er einu ári yngri en sonur minn. Flottur og fallegur drengur sem elskar íþróttir og mun örugglega gera þær að atvinnu sinni. Ég veit ekki hvaða íþrótt hann æfir ekki. Hann er greinilega elskaður af SOS mömmu sinni sem sat þarna með okkur.“

Undirbýr sig fyrir fullorðinsárin

SOS ungmenni á þessum aldri búa á ungmennaheimili á vegum barnaþorpsins þar sem þau læra að hugsa um sig sjálf og undirbúa sig fyrir fullorðinsárin. Það á einnig við um Pushkar sem ólst upp á þessu SOS heimili ásamt blóðskyldum systkinum sínum. „Það finnst mér einmitt eitt af því fallega sem hér er passað upp á, að blóðskyld systkini séu aldrei aðskilin heldur fái alltaf að alast upp saman. Honum sagði mér að sér líði vel á ungmennaheimilinu þar sem hann á góða vini.“

Einstök upplifun að heimsækja barnaþorp

Þetta er í fyrsta sinn sem Inga Lind kemur í SOS barnaþorp en styrktarforeldrar eiga rétt á slíkum heimsóknum einu sinni á ári. Hún segir upplifunina engu líka. „Ég hef ímyndað mér í 26 ár hvernig þetta líti allt út. Ég hef séð myndir úr barnaþorpum en það

Ingu Lind hafði lengi langað til að heimsækja styrktarbörnin sín og lét loks verða af því í janúar 2020 þegar hún hélt ásamt hluta af fjölskyldu sinni utan til Indlands.



Inga Lind hefur styrkt Pushkar í síðastliðin 12 ár. Það voru fagnaðarfundir þegar þau hittust loks.



er allt öðru vísi að koma hingað sjálf. Ég hef alltaf borið þetta traust til SOS Barnaþorpanna einmitt út af fólki sem hefur heimsótt þorpin og fengið tækifæri til að hitta styrktarbörnin sín. Ég hef lesið og séð viðtöl við þetta fólk.

SOS mæðurnar eru magnaðar konur

Það er svo góð tilfinning að koma hingað og finna að hér skiptir kærleikurinn öllu máli. Krökkunum líður greinilega vel herna í faðmi þessarar ástríku SOS-mæðra sem ég get ekki hætt að dást að. Þær hafa valið að gera það að lífsstarfi sínu að ala upp önnur börn. Mamma hans Pushkar er búin að ala upp 28 börn. Magnaðar konur.“

38 Íslendingar eru SOS foreldrar barna í Greenfields barnaþorpinu.





Covid-19 kallar á aukna aðstoð í Fjölskylduefningunni

Framlög Íslenskra Fjölskylduvina renna til sárafátækra barnafjölskyldna í Eþíópíu og á Filippseyjum og hjálpa þeim að ná fjárhagslegu sjálfstæði. Samtals eru þetta um 3.400 manns á stöðunum tveimur, börn og sárafátækir foreldrar þeirra.

Myndir: Hans Steinar Bjarnason.

Pörfin fyrir Fjölskylduefningu hefur aukist á báðum stöðum vegna Covid-19 en á sama tíma á starfsfólk okkar erfiðara með að liðsinna skjólstæðingunum vegna ferðatakmarkana og annarra hindrana. Skólar eru lokaðir og fjölskyldur eru meira saman á heimilinu en áður. Það leiðir til aukinnar hættu á heimilisofbeldi og hefur þess þegar orðið vart. Félagsráðgjafar okkar gera það sem þeir geta til að ræða við skjólstæðingana og hjálpa þeim í þessum krefjandi aðstæðum.

Fjölskylduefning SOS gengur m.a. út á það að hjálpa fjölskyldum að afla tekna. Ferðatakmarkanir hafa nú leitt til þess að fjölskyldurnar eiga erfiðara með að stunda viðskipti og afla sér tekna. Þess vegna er hætt við því að SOS Barnaborpin muni þurfa að aðstoða fjölskyldurnar með beinum framlögum og/eða matargjöfum og eins að það taki fjölskyldurnar lengri tíma en ella að koma undir sig fótunum.

Við sjáum nú þegar hækkun á kostnaði í verkefnum vegna Covid-19 og mun hann hækka enn frekar á næstunni. Stuðningur Fjölskylduvina hefur því aldrei verið eins mikilvægur og nú. SOS á Íslandi fjarfundar reglulega með stjórnendum þessara verkefna og birtum við nýjar upplýsingar á Fjölskylduvinasvæðinu á heimasíðu okkar sos.is eftir því sem tilefni er til.

Í febrúar sl. fór upplýsingafulltrúi SOS á Íslandi í vettvangsheimsókn til Eþíópíu eins og okkur ber að gera árlega á verkefnistímanum. Heimsóknin undirstrikaði að mjög vel er haldið utan um verkefnið og hagar skjólstæðinga okkar hefur haldið áfram að vænkast ár frá ári. Þetta endurspeglast í viðtölum við fjölskyldur á staðnum sem hafa notið góðs af verkefninu á Tulu Moye svæðinu. Samskonar heimsókn framkvæmdastjóra SOS til Filippseyja í nóvember leiddi í ljós jákvætt upphaf á verkefni okkar þar eins og greint var frá í síðasta fréttablaði.

66-faldaðu þúsundkallinn

Í Fjölskylduefningu SOS verður eitt þúsund króna framlag að 66 þúsund krónum. Þetta eru útreiknuð langtímaáhrif sem skýrast m.a. af því að fjölskyldurnar fara að afla sér tekna og framkvæmdagleði eykst. Allt hefur þetta svo áhrif á nærsamfélagið og innviði þess.





Laus frá ofbeldinu

Sisay er einstæð húsmóðir sem yfirgaf drykkfelldan og ofbeldishneigðan eiginmanni sinn og býr nú ásamt þremur börnum sínum og barnabarni. Þau eru meðal skjólstaðinga okkar í Eþíópíu og búa í smábænum Iteya sem er í tæplega þriggja klukkustunda akstursfjarlægð suður af höfuðborginni Addis Ababa.

Sisay lenti í fjárhagsvandræðum eftir að hún flúði eiginmanninn. Henni tókst aðeins að afla lítilla tekna með því að baka og selja injera súrdeigsflatkökur en það er megin uppistaðan í eþíópískri matargerð og er bakstur þeirra og sala algeng tekjulind.

„Stuðningur SOS hefur gert það að verkum að ég get núna unnið að heiman við baksturinn og nýtt tekjurnar betur. Börnin fá nú menntun og við höfum frían aðgang að heilbrigðisþjónustu,“ segir Sisay sem fékk lán í gegnum Fjölskylduefninguna til kaupa á áhöldum og hráefni í baksturinn. „Ég baka um 100 injerur á dag og sel stykkið á 5 Birr (20 krónur). Ég get bakað 400 injera kökur úr einum hveitiskammti á fjórum dögum og hagnaður minn af því eru 400 Birr (1.600 krónur).“

Þetta hjálpar Sisay að greiða niður lánið og brauðfæða börnin en hún nær þó ekki alltaf endum saman. Í slíkum tilfellum hefur hún aðgang að samfélagssjóði sem er einkonar öryggisnet fyrir sárafátækar barnafjölskyldur í bænum.

Stundum lamdi hann mig þangað til ég rotaðist

Sisay hafði gengið í gegnum miklar raunir áður en hún komst inn í Fjölskylduefninguna. „Ég átti eiginmann en við búum ekki lengur saman. Hann er alkóhólisti og gerði mér lífið erfitt heima fyrir. Ég flutti á endanum út og fór að búa ein með börnunum okkar. Hann er ekki umhyggjusamur maður og var sama um börnin. Hann hugsaði ekkert um þau og þegar hann var drukkinn lamdi hann ekki bara mig heldur börnin líka. Stundum lamdi hann mig þangað til ég rotaðist...“ sagði Sisay og gerði hlé á máli sínu.

Gjörbreytt líf

Augljóst var að henni þótti erfitt að rifja upp þessa erfiðu tíma en um leið segir hún það mikilvægt að deila sögu sinni með styrktaraðilum á Íslandi. „Ég er þakklát fyrir að fá að deila sögu minni með ykkur. Ég hef virkilega notið góðs af fjölskylduefningunni. Líf mitt hefur gjörbreytt til hins betra. Takk fyrir það.“

Myndband með viðtalinu við Sisay má sjá á Fjölskylduvinasvæðinu á heimasíðu okkar [sos.is](https://www.sos.is)



Injera er megin uppistaðan í eþíópískri matargerð. Bakstur og sala á Injeru er algeng tekjulind.

VERTU FJÖLSKYLDUVINUR - SKRÁNING Á SOS.IS

Rúrik Gíslason

Starfsfólk SOS barnaþorpsins í Eisenberg í Þýskalandi tók vel á móti mér, sýndi mér svæðið og fylgdi mér svo inn í samkomuhús þar sem ég hitti börnin. Við settumst niður og spjölluðum saman í dágóða stund enda um margt að ræða. Þegar liðið var á heimsóknina sungu krakkarnir fyrir mig og hæfileikarnir leyndu sér ekki.

Ég hef verið stoltur velgjörðasendiherra fyrir SOS Barnaþorpin frá árinu 2018. Þegar forsvarsmenn SOS höfðu samband við mig og buðu mér að taka þátt fannst mér það mikill heiður og frábært tækifæri til að láta gott af mér leiða. Ég var staðráðinn í að gera eins vel og ég gat og fór fljótlega að leggja drög að því hvernig ég gæti vakið athygli á samtökunum og stutt við bakið á þeim.

Heimsótti barnaþorp

Til að kynna mér starfsemina betur heimsótti ég SOS barnaþorp í Eisenberg í Þýskalandi. Þar hitti ég marga hæfileikaríka og skemmtilega krakka sem búa saman við góðar aðstæður og lifa eðlilegu lífi, þökk sé SOS Barnaþorpunum. Þar er samheldið samfélag sem hjálpast að við að gera hvern dag eðlilegan og ánægjulegan. Ég varð fyrir áhrifum af þessum skemmtilegu, lífsglöðu, ólíku en samheldnu börnum. Ég fann hversu þakklát þau eru fyrir þeirra tækifæri í lífinu og hvernig þau taka engu sem sjálfsögðum hlut. Það var einstaklega gaman að heimsækja barnaþorpið og sjá hversu vel skipulögð starfsemin er.

Hannaði bol til styrktar SOS

Á leiðinni heim velti ég fyrir mér hvernig ég gæti orðið samtökunum að liði og vakið athygli á því góða starfi sem þar er unnið. Þar sem ég hef gaman af því að hanna föt og hef mikinn áhuga á tísku kviknaði hugmynd um að hanna bol og selja til styrktar SOS Barnaþorpunum. Ég hafði samband við Fannar og Helga hjá 66°norður

sem voru strax mjög spenntir fyrir samstarfinu og og hugmyndinni var hrint í framkvæmd. Eftir fundi með hönnuðum og framleiðsluteymi fóru bolirnir í framleiðslu og komu í búðir fyrir jólin 2019 eins og lagt var upp með. Útkoman var frábær og bolirnir féllu vel í kramið hjá landsmönnum. Þeir seldust upp fyrir jólin og er ég einstaklega þakklátur fyrir viðtökurnar.

Ágóðinn, 1,6 milljónir króna, rann óskiptur til SOS Barnaþorpanna á Íslandi og mun koma sér vel á þessum sérstöku tímum sem við upplifum um þessar mundir.

Mikilvægt að styðja við börnin

Það er ánægjulegt að sjá hvernig fólk hjálpast að við að hjálpa öðrum í gegnum samtök eins og SOS Barnaþorpin. Þar er unnið frábært og óeigingjarnt starf við að hjálpa börnum sem fæðast inn í bágbornar aðstæður og búa ekki við þau tækifæri og lífskjör sem börn eiga skilið. Tími minn sem sendiherra fyrir SOS Barnaþorpin hefur verið gefandi og ánægjulegur og ég hlakka til að taka þátt í fleiri verkefnum í þágu þeirra.

Einnig vil ég þakka þeim sem leggja málefnið lið á einn eða annan hátt og á sama tíma vil ég hvetja alla til að styrkja SOS Barnaþorpin. Það hefur aldrei verið mikilvægara en einmitt núna á þessum krefjandi tímum.

Kærar kveðjur,

Rúrik Gíslason

Flóttabangsinn og Grikkland

Árið 2018 ákvað ungmennaráð SOS Barnaþorpanna að bregðast við fréttum þess efnis að til Grikklands streymdi fjöldi fylgdarlausra flóttabarna. Ástandið í Grikklandi er ekki gott og af þeim 5000 fylgdarlausu flóttabörnum sem þar eru fá einungis um 25% öruggt skjól. Sú tilhugsun að stór hópur barna búi þar við sárafátækt og hræðslu um líf sitt hreyfði við ungmennaráðinu sem í kjölfarið hóf söfnun til að hjálpa þessum börnum.

Táknmynd fyrir barn á flótta

Flóttabangsinn er táknmynd fyrir barnið sem er á flótta. Með kaupum á honum fær bangsinn nýtt heimili og um leið fer peningurinn til Grikklands til að bæta líf flóttabarna sem þangað koma. SOS Barnaþorpin eru með verkefni í Þessalóníku sem gengur út á að vernda þessi börn og ungmenni. Þar fá þau meðal annars gistingu, mat, menntun, sálfélagslegan stuðning og lögfræðiaðstoð til að leita hælís í Grikklandi eða til að sameinast fjölskyldum sínum í öðrum löndum. SOS heldur einnig úti svokölluðu verndarsvæði á eyjunni Lesbos þar sem þessi berskjölduðu börn komast í öryggi.

Nú erum við að ganga í gegnum erfitt tímabil vegna COVID-19. Á sama tíma eru enn fylgdarlaus börn á flótta víða um heim. Með kaupum á flóttabangsnum hjálpar þú okkur að hlúa að þeim sem minnst mega sín, þ.e. munaðarlausum og yfirgefnum börnum á flótta.

Flóttabangsann er hægt að kaupa í vefverslun á heimasíðu SOS Barnaþorpanna, www.sos.is. Tilvalið er að setja einn út í glugga til að gleðja gangandi vegfarendur hér á Íslandi.



Sjáðu til þess að óskum þínum verði framfylgt

Haltu áfram að gefa von

Fjöldi umkomulausra barna hefur fengið nýtt líf og nýja von vegna erfðagjafa frá stuðningsaðilum SOS Barnaþorpanna. Hafðu samband við okkur til að fá sendan bæklinginn „Eftir þinn dag“ eða til að fá frekari upplýsingar um erfðagjafir til samtakanna.



www.erfdagjof.is

Atvinnuhjálpi unga fólksins í Sómalíu

Í rúmt ár hafa SOS Barnaporpin á Íslandi, með stuðningi styrktaraðila sinna og Utanríkis- og þróunarmálaráðuneytis Íslands, fjármagnað verkefni í Mogadishu í Sómalíu og Hargeisa í Sómalílandi. Verkefnið, The Next Economy, gengur út á að þjálfa ungt fólk svo það geti fengið vinnu eða stofnað eigin fyrirtæki en atvinnuleysi ungs fólks í löndunum er um 70%.

Myndir: Ragnar Schram

Eftir Ragnar Schram, framkvæmdastjóra SOS á Íslandi

Uppfylla þarf ákveðin skilyrði til þátttöku í verkefninu og þeir sem líklegastir eru til að ná árangri komast að. Þá tekur við þriggja mánaða þjálfun í ýmsum kostum og eiginleikum sem gott er að hafa bæði á vinnumarkaði og í frumkvöðlastarfsemi. Að lokinni þeirri þjálfun ákveða ungmennin hvort þau vilji fara út í eigin rekstur eða verða launþegar. Þá tekur við þriggja mánaða tvískipt þjálfun, eftir því hvor leiðin er valin. Markmiðið er að á þriggja ára verkefnatímanum hafi 700 ungmenni lokið þjálfun og helmingur þeirra fengið vinnu eða stofnað eigin rekstur.

Stofna fyrirtæki eða fá vinnu

Í eftirlitsferð þar sem fulltrúi íslenska utanríkisráðuneytisins og undirritaður kynntu sér framkvæmd og árangur þess í Hargeisa kom í ljós að verkefnið gengur mjög vel og hefur þegar skilað góðum árangri. 9 fyrirtæki hafa þegar hafið rekstur og 38 ungmenni hafa fengið vinnu. Við hittum ungmenni sem eru í þjálfun, önnur sem eru útskrifuð og hafa stofnað og reka fyrirtæki og enn önnur sem eru launþegar.

Einnig hittum við vinnuveitendur sem eru hæstánægðir með það unga starfsfólk sem þeir hafa fengið eftir útskrift úr verkefninu. Töluðu þeir mikið um viðhorf ungmennanna til vinnunnar, en þjálfunin miðar meðal annars að því að auka þjónustulund, kurteisi, framtakssemi og fleiri þætti sem almennt þykja eftirsóknarverðir í fari starfsfólks en eru ekki endilega meðfæddir.

Hryðjuverkahópar ásælast atvinnulaus ungmenni

Sómalía og Sómalíland teljast óörugg lönd þar sem hryðjuverkahópar hafa lengi unnið gegn friði og öryggi. Slíkir hópar reyna m.a. að höfða til atvinnulausra ungmenna og því er verkefnið okkar mikilvægt í þeirri viðleitni að örva efnahaginn og vinna að heilbrigðum uppgangi og friði í löndunum tveimur.

Verkefninu lýkur í árslok 2021. Þú getur lagt því lið með því að leggja þitt framlag á reikning: 334-26-52075. Kennitala 500289-2529. Skýring: Sómalía.



Ung kona sem stofnaði verslun.



Fyrirtæki sem einn frumkvöðullinn stofnaði.



Facebook síða fyrirtækis sem selur handverk.



Fyrrum þátttakandi, nú fyrirtækjaeigandi í Mogadishu.



Öskudagur 2020

Það var líf og fjör á skrifstofu okkar í Hamraborginni á öskudaginn. Til okkar kom fjöldi barna til að syngja fyrir starfsfólk SOS Barnaþorpanna og fá sælgæti að launum. Eins og sjá má á meðfylgjandi myndum voru búningarnir í ár skemmtilegir og söngur barnanna gladdi okkur mikið. Við sendum kærar kveðjur til allra barnanna sem lögðu leið sína til okkar í Hamraborgina á öskudaginn.

Myndir: Rakei Lind Hauksdóttir



Börnin hugsa til barnanna

Ágústa Lillý Valdimarsdóttir, 8 ára, er með hjartað á réttum stað. Hún kom á skrifstofu SOS Barnaþorpanna með sparibaukinn sinn sem í voru 873 krónur og gaf til SOS. Framlag Ágústu jafngildir rúmlega 57 þúsund krónum á Tulumoye svæðinu í Eþíópíu þar sem SOS hjálpar barnafjölskyldum í sárafátækt með fjölskylduefningu. SOS Barnaþorpin þakka Ágústu kærlega fyrir að hjálpa börnum í neyð.



COVID-19 hefur áhrif á börnin.

Pau þurfa á okkur að halda núna. Meira en nokkru sinni.

Tryggjum öryggi barnanna í barnaþorpunum og þeirra sem til okkar leita vegna Covid-19.

Taktu þátt í neyðarsöfnun SOS:

neyd.sos.is

Einnig er hægt að styrkja með því að hringja í 907 1001 (1.000 kr) eða 907 1002 (2.000 kr)



**SOS
BARNAPORPIN**

Öll börn vilja gott heimili